

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 157/2017

2019/EES/52/08

frá 22. september 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,  
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1842 frá 14. október 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar rafrænt skoðunarvottorð fyrir innfluttar lífrænar vörur og aðra tiltekna þætti og reglugerð (EB) nr. 889/2008 að því er varðar kröfur um rotvarðar eða unnar lífrænar vörur og sendingu upplýsinga <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008):  
„– **32016 R 1842**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1842 frá 14. október 2016 (Stjtíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 19).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54bb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008):  
„– **32016 R 1842**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1842 frá 14. október 2016 (Stjtíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 19).“
3. Aðlögunartexti liðar 54bb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008) er endurtölusettur sem liður a).
4. Eftirfarandi er bætt við aðlögunartexta liðar 54bb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008):  
„b) Orðunum „eða tollafgreiðsla í Noregi og Íslandi“ er bætt við á eftir tilvísuninni í reglugerð (ESB) nr. 952/2013 í c-lið 1. mgr. 13. gr., gr. 13b og 1. mgr. 14. gr.  
c) Orðunum „eða tollafgreiðsla í Noregi og Íslandi“ er bætt við á eftir tilvísunni í reglugerð (EBE) nr. 2913/92 í 2. mgr. 14. gr.  
d) Noregur og Ísland þurfa ekki að nota EORI-númer til auðkenningar í skoðunarvottorðum í V. og VI. viðauka.“

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 19.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1842, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Sabine Monauni***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.